



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur

8. mars 2012

10. tbl. · 29. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
Sími: 456 3995
Opíð: MÁN.-FÖS. 7-17



Húmorinn að vopni

„Þetta er bara eitthvað sem maður á að tala um, eins og annað. Enda er það ekki dauðadómur að fá krabbamein og ég gæti alveg lifað þig,“ segir Ragna Jóhanna Magnúsdóttir. Í miðopnu blaðsins talar hún um erfiða meðferð sem hún nú undirgengst og bloggð á vertinn.is.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐinni
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |



Óvissa um áframhaldandi bíósýningar

Verkalýðsfélag Vestfirðinga hefur farið þess á leit við Ísafjarðarbæ að félagið fái fasteignagjöld af Alþýðuhúsinu á Ísafirði felld niður næstu 10 árin sem stuðning sveitarfélagsins vegna fjármögnunar á tækjum fyrir kvikmyndasýningar í húsinu. Alþýðuhúsið er í eigu Verkalýðsfélagsins og á félagið öll tæki til kvikmyndasýninga í húsinu og hefur séð um endurnýjun á þeim. „Nú er svo komið að félagið stendur fyrir mjög erfiðri ákvörðun, þ.e. að leggja rúmar 13 milljónir króna í endurnýjun á tækjum og búnaði svo hægt verði að sýna bíó áfram í Ísafjarðarbæ, eða segja að það sé ekki í verkahring stéttarfélags að reka bíóhús. Þar með munu bíó-

sýningar leggjast af hér í bæ,“ segir Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga í bréfi til bæjaryfirvalda.

Með niðurfellingu fasteignagjalda af Alþýðuhúsinu telur verkalýðsfélagið að það muni geta fjármagnað tækjakaupin og gert rekstrarsamning við núverandi rekstrararhafa um áframhaldandi bíósýningar í Ísafjarðarbæ. Finnbogi bendir á að á Akranesi sé verið að fara í samþæfingur breytingar en þar hefur sveitarfélagið leggjá fram 8 milljónir króna í verkið. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar tók jákvætt í erindið og hefur falið bæjarstjóra að ræða við formann Verkalýðsfélags Vestfirðinga um erindið.

Rekstur mótuneytis í Stjórnsýsluhúsinu

Rekstrarnefnd Stjórnsýsluhússins á Ísafirði óskar hér með eftir rekstraraðila til að reka mótuneyti á 4. hæð í Stjórnsýsluhúsinu frá og með 1. júní nk.

Um er að ræða hádegismat alla virka daga. Umsóknarfrestur er til og með 31. mars nk. Allar nánari upplýsingar veitir Óli M. Lúðvíksson, formaður rekstrarnefndar, sími 897 3733.

Verzlunarstjóri óskast á Ísafirði

Eymundsson leitar að kraftmiklum aðila í starf verzlunarstjóra yfir verslun Eymundsson og Pennans á Ísafirði.

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Háskólapróf sem nýttist í starfi er kostur en ekki skilyrði
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Góð þekking á verslunarrekstri
- Frumkvæði og leiðtogaþæfileikar
- Sjálfstæði og sveigjanleiki
- Þjónustulund og fagleg framkoma
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Starfssvið:

- Ábyrgð á rekstri og afkomu verslunar
- Dagleg stjórnun verslunar
- Umsjón með starfsmannamálum
- Fjárhags- og söluáætlanagerð
- Þátttaka í gerð markaðsáætlana
- Ábyrgð á innkaupum og framsetningu vöru í verslun
- Ábyrgð á öryggismálum
- Önnur tilfallandi verkefni

Vinsamlegast sendið umsóknir á hildurh@eymundsson.is. Umsóknarfrestur er til 15. mars 2012

Besta spennusagan í ár.
EXPRESSEN
TILBOÐ KRÓNUR
2.299
Fullt verð 2.999 kr.
Gildir til 31. mars nk.
TOVE ALSTERDAL
KONURNAR Á STRÖNDinni
„Alþjóðleg spennusaga í hæsta gæðaflokki.“
LIZA MARILLIÖ
MARS Eymundsson
BÓK MÁNADARINS
Alþjóðleg spennusaga í hæsta gæðaflokki!
Eymundsson.is
Eymundsson
Bókafélagið 1872

Telja eðlilegt að Ísafjarðarbær komi að lausn málsins

Meirihluti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að leggja fimm milljónir króna í byggingu áhorfendastúku við Torfneshöfðuna á Ísafirði. Þar með hefur sveitarfélagið tryggt að BÍ/Bolungarvík geti leikið heima-leiki sínar í sumar á vellinum. Framlag Ísafjarðarbæjar mun ekki koma til greiðslu fyrr en á næsta ári. Tillagan var samþykkt með fimm atkvæðum bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Bæjarfulltrúar Í-listans, sem eru fjórir, greiddu

atkvæði gegn tillögunni.

„Meirihluti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar skilur vel mikilvægi þess að í bænum séu öflugir meistaraflokkar í fremstu röð í hópíþróttum, enda þjónar það þeim tilgangi að vera ungu fólki og öðrum bæjarbúum til fyrirmyndar,“ segir í greinargerð með bókuninni. Eins og komið hefur fram hefur KSÍ sett það sem skilyrði að við knattspyrnuvelli séu 300 aðskilin sæti svo hægt sé að leyfa þar leiki í 1. deild. „Meirihlutinn telur eðlilegt að Ísafjarð-

arbær komi að lausn málsins en að skilyrði KSÍ eigi hinsvegar að uppfylla með lágmarkstillkostnaði.

Undanfarin ár hefur sú stefna legið fyrir í Ísafjarðarbæ að HSV leggi stefnuna um áherslur og forgangsroðun í uppbyggingu íþróttamannvirkja. Með það vinnulag til hliðsjónar er eðlilegt að viljrði um fjárframlag Ísafjarðarbæjar í tengslum við stúkubyggingu séu til HSV og þeim falið að leita hagkvæmustu og bestu leiðanna til að leysa þetta mál,“ segir í greinargerðinni.



Fyrirhugað er að áhorfendastúka risi við Torfneshöfðuna.

Kröfulýsingarfrestur í KNH rennur út um miðjan mars

Kröfulýsingarfrestur í þrotabú verktakafyrirtækisins KNH ehf. á Ísafirði rennur út um miðjan mars. Að sögn Gríms Sigurðssonar, skiptastjóra, er málið nokkuð flókið enda er um að ræða stórt og mikið bú, þar sem meginhluti eigna eru veðsettar. Grímur getur ekki sagt til um hvað frágangur þrotabúsins taki langan tíma, það velti á því hvað kröfuhafar geri í málinu. „Málið skýrist í

mars þegar allar kröfur eru komnar í hús og á kröfuhafafundi sem verður haldinn í kjölfarið,“ segir Grímur.

KNH ehf. óskaði eftir greiðslustöðvun máf 2011 og í framhaldinu leitað nauðasamninga, en heimild til nauðasamninga var felld úr gildi í janúar. Sautján manns misstu vinnuna við gjaldþrot fyrirtækisins en þeim var sagt upp í hópuppsögn í október á síðasta ári.

Bolvíkingar Íslandsmeistarar í skák

Bolvíkingar voru sigursælir á Íslandsmóti skákkfélaga sem fór fram á Selfossi um helgina. Var um að ræða fjölmennasta skákmót sem fram hefur farið utan Reykjavíkur en um 400 keppendur víðsvegar að af landinu og utan landsteinanna tóku þátt. Bol-

víkingar höfðu nokkra yfirburði á mótinu og urðu Íslandsmeistarar með 42,5 vinninga og er það fjórða árið í röð sem þeir hampa titlinum.

Að þessu sinni áttu Bolvíkingar tvö lið í efstu deild Íslandsmótsins. B-sveit Taflfélags Bol-

ungarvíkur tefldi einnig í 1. deildinni og náði þeim frábæra árangri að halda sér í deildinni. Það mun aði þó aðeins hálfum vinningi á bolvísku b-sveitinni og Taflfélaginu Mátum sem féll í 2. deild ásamt Skákdeild Fjölnis að því er segir á vikari.is.



15 kr. afsláttur

af lítranum í 10. hvert skipti sem þú dælir 25 lítrum eða meira með ÓB-lyklinum.

Sjálfvirk taling hefst frá og með deginum í dag og gildir fyrir virka ÓB-lykla á öllum ÓB- og Olís-stöðvum.

Sæktu um ÓB-lykil núna á ob.is.



1. Séráflættir (-10 kr. í fyrsta skipti, -10 kr. á afmældisdaginn og -15 kr. í 10. hvert skipti) koma ekki til viðbótar við aðra afslætti eða önnur viðskiptakjör. Nánar á ob.is.
 2. Til að safna Vildarpunktum Icelandair þarf lykllinn að vera tengdur við Visa eða American Express Vildarkort Icelandair. Einnig er hægt að tengja lykllinn Viðskiptakorti Olís og safna Vildarpunktum. Punktasöfnun er 1,5% af upphæð, sem gerir um 3,75 kr. afslátt í formi Vildarpunkta Icelandair.





Veidar með ljósum eru mun umhverfsvænni en hefðbundin veiðarfæri og lágmarka til dæmis röskun á sjávarbotni auk þess sem þær draga mjög úr olíunotkun. Mynd: Hafrannsóknastofnun.

Tilraunaveiðar með ljósum

Vinna við frumgerð ljósa-veiðarfæris er á lokastigi hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Hafrannsóknastofnun, en auk þeirra eru Hraðfrystihúsið Gunnvör hf og Fjarðanet hf aðilar að verkefninu. Stefnt er að veiðitilraunum síðar á árinu. „Við gáfum út í fyrria að slíkar veiðar gætu hafist áður en langt um líður, ég vona að fyrsti prufutúrinn verði farinn síðar á árinu,“ segir Halla Jónsdóttir verkefnisstjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands í samtali við Sjávarútvegsblaðið. Þar segir að líklegt sé að því að ljósabúnaðurinn settur um borð í eitt skipa Hraðfrystihússins-Gunnvarar í Hnífsdal. Augu sjávarútvegsins munu sem sagt beinast vestur á firði þegar prufutúrinn verður farinn síðar á þessu ári.

„Hugmyndin að þessu rannsóknar- og þróunarverkefni kviknaði fyrir um áratug síðan og segja má að það feli í sér

gagngera endurhugsun á togveiðum. Í stað þess að nota hefðbundin veiðarfæri úr garni er búinn til nokkurs konar veggur eða net með ljósum, sem sjá um að smala fiskinum í togveiðarfærin,“ segir Halla í samtali við Sjávarútvegsblaðið. Ef tilraunaveiðarnar lofa góðu verður skoðað gaumgæfilega hvort og hvernig hægt verður að að þróa framleiðslu á þessari nýju tegund veiðarfæra. Þeir aðilar sem standa að verkefninu hafa ekki viljað veita miklar upplýsingar, enda ríkir hagsmunir í húfi. Sótt hefur verið um einkaleyfiá veiðarfærinu.

„Veiðar með ljósum eru mun umhverfsvænni en hefðbundin veiðarfæri og lágmarka til dæmis röskun á sjávarbotni. Okkar útreikningar leiða í ljós að olíunotkun togara við veiðar gæti dregist saman um hátt í fjórutíu prósent. Eins og við vitum hefur olíukostnaður fiskiskipa hækkað

mikið að undaförnu, þannig að við erum að tala um fjárhæðir sem skipta útgerðir togskipa stöðugt meira máli. Við erum með öðrum orðum að tala um vistvænni veiðarfæri, sem draga mjög úr olíunotkun. Það er því sannarlega til mikils að vinna.“

Þeir útgerðarmenn sem Sjávarútvegsblaðið hefur talað við eru á einu máli um að þetta nýja veiðarfæri sé spennandi nýjung, greinin komi til með að fylgjast náið með þessu byltingarkennda verkefni. Ekki aðeins íslenskar útgerðir heldur einnig útgerðir helstu fiskveiðipjóða heims.

„Ljósörpuverkefnið hefur vissulega verið kostnaðarsamt, en sem betur fer eru margir sem hafa stutt við bakið á okkur fjárhagslega og tæknilega. Nefni ég í þessu sambandi iðnaðarráðuneytið, Tækniþróunarsjóðs, AVS og Vaxtarsamning Vestfjarða,“ segir Halla. – *thelma@bb.is*

Grunnskólanemum fækkar

Grunnskólanemum á Vestfjörðum fækkaði um 2,9% milli ára en samkvæmt nýbirtum tölum Hagstofunnar voru þeir 917 árið 2011. Flestir voru í 8. bekk eða 115 en því næst kom 10. bekkur sem taldi 111 nemendur og 4. bekkur með 107 nemendur. Fámennasti árgangurinn var 5. bekkur með 73 nemendur.

Nokkuð jafnt var skipt á milli

kynja á síðasta ári en í grunnskólum fjórðungsins voru 466 strákar og 451 stelpur. Grunnskólanemum á Vestfjörðum hefur fækkað ansi ört undanfarin ár. Þeir voru 942 haustið 2010 og hafði þeim þá fækkað um 77 frá fyrria skólaári eða um 7,6%. Þá hafði frá árinu 2006 nemendunum fækkað um 205 eða 18%. Fyrir tíu árum voru 1.272 í vest-

firskum grunnskólum og hefur því þeim fækkað um 27% frá árinu 2001.

Á vef Hagstofunnar segir að nemendur í grunnskólum á Íslandi voru 42.365 haustið 2011 og hafa ekki verið færri síðan árið 1997. Grunnskólanemendum fækkaði um 174 frá fyrria ári, eða 0,4%. Grunnskólanemendur á Íslandi voru flestir haustið 2003.

Nemendum fækkaði mest á Ísafirði

Nemendum Grunnskólans á Ísafirði fækkaði um 23 milli ára 2010 og 2011. Í fyrria voru þeir 390 talsins samkvæmt nýbirtum tölum Hagstofunnar. Var það mesta fækkunin í grunnskólum Vestfjarða milli ára en eins og fram hefur komið fækkaði grunnskólanemum á Vestfjörð-

um um 27 eða 2,9% milli ára. Næst mesta fækkunin var í Súðavíkurskóla og Grunnskóla Vesturbýggðar eða sem nemur fjórum nemendum í hvorum skóla.

Í fjórum skólum í fjórðungnum fjölgaði nemendum en það voru Grunnskólinn á Suðureyri þar sem fjölgaði um tvo nemend-

ur og Grunnskóli Öfundarfjarðar, Grunnskólinn á Þingeyri og Grunnskólanum á Tálknafirði en á öllum stöðum fjölgaði um einn nemenda. Í fámennasta skóla landsins, Finnbogastáðaskóla, stóð nemendafjöldinn í stað milli ára.

– *thelma@bb.is*

Meirihlutinn með kennsluréttindi

Meirihluti grunnskólakennara á Vestfjörðum, eða 84,3%, höfðu kennsluréttindi á síðasta ári. Á síðasta ári voru 113 kennarar á Vestfjörðum með kennsluréttindi og hafði þeim fækkað frá árinu áður þegar 126 kennarar voru með réttindi. 21 kennari var án kennsluréttinda árið 2011 samanborið við 29 kennara árið áður en þeir voru 39 árið 2009. Rúmlega 77,6% kennara árið 2011 voru konur en 66,4% þeirra voru með kennsluréttindi samanborið við 17,9% karla. Á vef Hagstofu Íslands, segir að aldrei áður í mælingum stofnunarinnar, hafi hlutfall kennara með réttindi mælst hærra. Á árunum 1998-2008 var hlutfall réttindakennara á bilinu 80-87%.

Haustið 2010 voru 92,3% kennara með kennsluréttindi

og haustið 2011 eru 95,5% kennara með kennsluréttindi. Haustið 2011 voru 213 manns við kennslu án kennsluréttinda og er það mikil breyting frá haustinu 2002 þegar 931 einstaklingur án réttinda vann við kennslu í grunnskólum landsins.

Hæst er hlutfall réttindakennara á landinu á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, þar sem 97,5% kennara hafa kennsluréttindi. Aðeins á Norðurlandi vestra (88,0%), Austurlandi (87,8%) og Vestfjörðum (84,3%) hafa færri en 90% kennara kennsluréttindi. Hlutfall kennara með réttindi á landsbyggðinni hefur aukist hratt síðustu ár, frá því að vera undir 50% á tunda áratug síðustu aldar í einstaka landshlutum. – *thelma@bb.is*

Opnunartími leikskólans lengdur

Áætlanir gera ráð fyrir að hægt verði að veita öllum börnum í Bolungarvík leikskólaláss fyrir tveggja ára aldur eins og viðmiðunarreglur leikskólans gera ráð fyrir. Er þá miðað við fyrirliggjandi umsóknir um leikskólaláss og ánægjulega mikla fjölgun ungbarna í sveitarfélaginu, eins og segir í bókun bæjarráðs Bolungarvíkur. Þar segir jafnframt að kapp-

kostað verði að fullnýta húsnæði leikskólans hér eftir sem hingað til.

Bæjarráð samþykkti einnig að opnunartími leikskólans verði lengdur og verði frá kl. 7:30 til 16:30. Er það gert í kjölfar könnunar á lengingu opnunartíma leikskólans sem gaf til kynna að nokkur eftirpurn væri eftir lengri opnunartíma. – *thelma@bb.is*

Útgjöld hækka vegna sérstakra húsaleigubóta

Ísafjarðarbær greiddi tæpar 308 þúsund krónur í sérstakar húsaleigubætur í janúar sem er það mesta sem sveitarfélagið hefur greitt til þessa. Sérstakar húsaleigubætur eru hluti af félagsþjónustunni og eru ætlaðar þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrði og annarra félagslegra erfiðleika. Sérstakar húsaleigubætur eru útgjöld vegna sérstakra húsaleigubóta hafa aukist verulega frá því að nýjar reglur tóku gildi snemma á síðasta ári. Fyrstu tvo mánuði ársins



þegar reglurnar voru að taka gildi greiddi bærinn samtals tæplega 60.000 krónur í sérstakar húsaleigubætur. Síðan hafa þær farið stigvaxandi þar til í september þegar þær voru rúmlega 150 þúsund krónur eða tæplega hundrað þúsund krónum minna en í ágúst. Í október og nóvember voru þær í hvorum mánuði um 217 þúsund krónur og 265 þúsund krónur í desember.

Samkaup

úrval

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar 8. - 11. mars

samkaupurval.is



~~2.079~~
1.892 kr/kg
Lambalærisssneiðar í raspi
úr kjötborði eða pakkaðar ferskar



Ódýrt
~~309~~
247 kr/pk
Kjúklinga-grillpýlsur 220g
frá Ísfugli



~~1.795~~
Lambahryggur 1.598 kr/kg
úr kjötborði eða pakkaður ferskur

Góð kaup!



Ódýrt
~~1.198~~
899 kr/kg
Blandað hakk
frá Bautabúrinu



~~598~~
496 kr/pk
Coca Cola 6x330ml
classic eða sykurlaust



~~1.849~~
Lambaframhryggja-sneiðar 1.590 kr/kg

Góð kaup!



~~149~~
119 kr/pk
Disney-ávaxtasafi 3x200ml
sólberja- eða appelsínusafi



~~498~~
Ferskjarðarber 249 kr/pk
250g

50% afsláttur

...sjá fleiri tilboð á samkaupurval.is

Leggja til samstarf til áramóta

Starfshópur sem skipaður var á hluthafafundi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða (Atvest) hefur lagt til að Fjórðungssamband Vestfirðinga taki að sér rekstur félagsins til áramóta. Þá verði tíminn notaður til að skoða málin og gera tillögu að skipulagi stöðkerfisins á Vestfjörðum. Eins og frá hefur verið greint stóð til að sameina félagið og sambandið í byrjun árs en ekki náðist samþykkt um málið en 2/3 hluti hluthafa þurfti að samþykkja tillöguna til að breytingarnar næðu fram að ganga. Hins vegar var samþykkt samhljóða að skipa starfshóp sem ynni að því að sætta mismunandi sjónarmið. Með því móti sem starfshópurinn leggur til starfar Atvinnuþróunarfélagið áfram en Fjórðungssambandið sér um daglegan rekstur.

Framkvæmdastjóri Fjórðungssambandsins verður jafnframt



Lagt hefur verið til að Fjórðungssambandið taki yfir rekstur Atvinnuþróunarfélagsins á meðan verið að skoða málin.

framkvæmdastjóri Atvest og skal hann sjá til að starfsmenn Atvinnuþróunarfélagsins vinni fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir félagið en leggja skal þær áætlanir fyrir stjórn félagsins til afgreiðslu. Þá skal framkvæmdastjórinn

sjá til að gerður verði ársreikningur fyrir Atvinnuþróunarfélagið sem lagður skal fyrir stjórn. Komi til þess að ráða þurfi starfsfólk til Atvinnuþróunarfélagsins skal framkvæmdastjórinn sjá um ráðningu en í samráði við stjórn

félagsins.

Stærstu hluthafar Atvest eru Byggðastofnun, Fjórðungssambandið og AtKonur en alls eru hluthafarnir 111. Starfshópurinn var skipaður fulltrúum frá stærstu hluthöfunum þremur auk fulltrúa

frá smærri hluthöfum. Hann var skipaður Sigurði Péturssyni hjá FV, Sigurði Viggóssyni á Patrækisfirði, Sigurborgu Þorkeldsdóttur fyrir hönd At-kvanna og Snorra Birni Sigurðssyni sviðsstjóra hjá Byggðastofnun.

Óska eftir áætlun um tilhögun lokunar Funa

Umhverfisstofnun hefur farið þess á leit við rekstraraðila sorpbrennslunnar Funa í Engidal að skila inn áætlun um tilhögun lokunar stöðvarinnar. Starfsleyfi Funa féll úr gildi í mars á síðasta ári, en brennsla sorps var stöðvuð í árslok 2010. Þrátt fyrir að sorpbrennsla sé ekki lengur til staðar er enn tekið á móti úrgangi á

gámaplani Funa. Umhverfisstofnun hefur því óskað eftir tillögum að frágangi á sorpbrennsluhluta stöðvarinnar. Þá hefur stofnunin einnig bent á að gera þurfi viðeigandi ráðstafanir vegna mælinga á grunnvatni á urðunarsvæðinu við Klofning í Öndunarfirði.

Starfsleyfi urðunarsvæðisins

við Klofning er runnið út og unnið er að lokun svæðisins. Fram kemur í eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar að lokunaráætlun liggja fyrir, en fram að gildistöku lokunar fyrirmæla skuli fara fram mælingar á vatni í samræmi við starfsleyfi. Umhverfisstofnun hefur því óskað eftir áætlun frá rekstraraðilum um grunnvatns-

mælingar á svæðinu. „Grunnvatnsmælingar hafi ekki farið fram á svæðinu hingað til og er því nauðsynlegt að gera viðeigandi ráðstafanir til að mælingar séu framkvæmanlegar,“ segir í bréfi sem Umhverfisstofnunar.

Þá segir einnig að í drögum að lokunarfyrirmælum urðunarsvæðisins sé m.a. gert ráð fyrir að

fylgst sé með breytingum á umfangi urðaðs úrgangs. „Heppilegast er að hefja eftirlit þessa þáttar um leið og gengið væri frá jarðvegshulu á svæðinu, en samkvæmt lokunaráætlun rekstraraðila er áætlað að jarðvegsframkvæmdum á svæðinu verði lokið árið 2012,“ segir í bréfinu.

– asta@bb.is

Spurningin

Telur þú raunhæft að afnema verðtryggingu án annarra kerfisbreytinga á hagkerfinu?

Alls svörðuð 367.
Já sögðu 212 eða 58%
Nei sögðu 155 eða 42%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Suðvestan 8-15 m/s og snjókoma eða él, en heldur hægari og lengst af þurr á NA- og Austurlandi.

Frosti 0-5 stig. Horfur á laugardag: Suðaustlægt átt með slyddu eða snjökumu og síðar rigningu, einkum S- og Vestanlands. Hlýnandi veður.

Horfur á sunnudag: Sunnanátt með rigningu sunnan- og vestanlands.

Ritstjórnargrein

Dýrkeypt bið

„Að þurfa að senda starfsmenn á annað þúsund kílómetra í akstur á milli staða, sem annars ætti ekki að taka nema innan við tvo tíma að keyra á milli, er ömurleg staða fyrir það atvinnulíf sem verið er að reyna að byggja upp.“ Sú nóturlega staðreynd sem Eiríkur Finnur Greipsson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar og fjármálastjóri Dýrfisks, sem er að byggja upp fiskeldi á Vestfjörðum, er með seiðældi í Tálknafirði, eldiskvíar í Dýrafirði og fiskvinnslu á Flateyri, dregur fram með þessum orðum, er nokkuð sem Vestfirðingum er enn gert að horfast í augu við, hvað samgöngur innan fjórðungsins varðar, þrátt fyrir öll fyrirheit og kosningaloforð í áraradír.

Í langtímaáætlun sitjandi ríkisstjórnar er ekki gert ráð fyrir að heilsársvegur komi á milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar næsta áratuginn. Vestfirðingum öllum er því mikið niðri fyrir, lík og Eiríki Finni. „Það er bara verið að svíkja áður útgefin loforð. Og það þarf ekkert að skýla sér á bak við að hér hafi orðið efnahagslegt hrún.“ Hversu lengi eru Dýrafjarðargöngin búnir að vera eins konar jó-jó, inn og út af borði sitjandi samgönguráðherra, hverju sinni? Hversu mikið er þetta búíð að kosta, ekki bara Vestfirðinga heldur þjóðarbúið í heild? Auðvitað verður þessum spurningum aldrei svarað og þess vegna komast menn upp með það að segja eitt í dag og annað á morgun, án ábyrgðar.

Á miðju ári 1998 var því haldið fram að vegir um Vestfirði hefðu

fram til þess tíma verið taldir utan hringveggar, sem reyndar var flestum augljóst, en nú væru runnir uppi þeir tímar að vegir frá hringveginum til þéttbýlisstaða, með tilteknum íbúafjölda, ættu að fá sömu meðhöndlun og hringvegurinn. Framvegis yrðu Vestfjarðavegir meðhöndlaðir á sama hátt og aðrir helstu þjóðvegir landsins. Um framgang þessara áforma um samgöngubætur á Vestfjörðum þarf ekki að fjölyrða, frekar en margar aðrar yfirlýsingar í árána rás, hvað Vestfirði varðar. Væri vegagerð á Vestfjörðum í takt við draumsýnina frá 1998 myndi núverandi samgönguráðherra vart orða það svo að hluti Vestfirðinga væri á sokkaleistunum. Skólausir menn verða fljótt fótasárir.

Vestfirðingar verða að eiga möguleika á að nýta svæðið atvinnulega sem eina heild. Forsenda fyrir því eru samgöngur. Á meðan svo háttar að Hrafneyrarheiði og Dynjandisheiði eru lokaðar fjórðapart úr ári hverju og ekki svo mikið sem fingri lyft til að ráða þar bót á, er það rétt hjá Eiríki Finni að það er innantómt mas að tala um endurreisn atvinnulífs í fjórðungnum með afgerandi hætti. Biðin eftir göngunum undir Breiðadals- og Botnsheiði var Vestfirðingum dýrkeypt. Þeir þola ekki aðra eins bið eftir Dýrafjarðar-göngum og heilsársvegi um Dynjandisheiði. Árlegur samfélagslegur kostnaður sem Vestfirðingar verða fyrir sökum rafmagnsleysis hefur verið áætlaður 400 milljónir króna. Við rísum ekki undir slíkum áföllum á öllum sviðum. –s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. Ásta María Sverrisdóttir, sími 824 0644, asta@bb.is. Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson. Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöliverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X



100 KRÓNUR

Í mars renna 100 kr. af hverjum seldum pakka af Nicotinell beint til átaksins Mottumars.

Mundu að það eru bláu pakkarnir frá Nicotinell sem styrkja gott málefni.



Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins



Lesið vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Nicotinell lyfjatyggið inniheldur 2 mg eða 4 mg nikótín (nikótínþólacrillin). Nicotinell lyfjatyggið er notað til að draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum nikótíns hjá einstaklingum sem eru háðir nikótíni. Þannig getur það auðveldað reykingafólki sem vill hætta að reykja að hætta eða að draga úr reykingum. Ekki má nota fleiri en 25 stk. 2 mg lyfjatyggið eða meira en 15 stk. 4 mg lyfjatyggið á sólarhring. Ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðrum innihaldsefnum eða reykir ekki má ekki nota Nicotinell lyfjatyggið. Ráðfærðu þig við lækinn eða lyfjafræðing ef þú hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp - ert með hjartasjúkdóma, of háan blóðþrýsting, sykursýki, óvirkan skjaldkirtill, óvirkar nýrnahettur, alvarlega skerta nýrna- og/ eða lifrarstarfsemi eða magasár. Ef þú ert barnshafandi eða með barn á brjósti máttu einungis nota lyfið í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 18 ára nema í samráði við lækni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurlraun 12a, 210 Garðabæ.

„Ég gæti alveg lifað þetta“

Ragna Jóhanna Magnúsdóttir sat átta ár í bæjarstjórn, endurgerði hið fallega Einarshús í Bolungarvík og hefur rekið þar veitingastað og ferðapjónustu af miklum myndarskap að undanfögnu. En í nóvember síðastliðnum hneig hún óvænt niður heima hjá sér og tekst nú á við nýtt verkefni - með hjálp bloggins.

Bolungarvík í hillungum

Ég er fædd og uppalin í Bolungarvík, dóttir hjónanna Magnúsar Ragnarssonar og Elsu Árnadóttur, sleit hér mínum barnskóm og hef búið hér nánast allar mínar götur. Fyrir utan tvö ár þegar ég skrapp suður og „sótti“ manninn. En ég fór suður í skóla, eignaðist svo elsta strákinn minn og upp úr því ákváðum við hjónin að flytja til Bolungarvíkur og höfum verið hér síðan.“

Maðurinn þinn er Reykvik-ingur, hversvegna ákváðuð þið að búa frekar hér á sínum tíma?

„Við sáum bara Bolungarvík í hillungum og langaði til að ala upp krakkana hérna. Á þeim tíma var líka dálítill uppgangur hér og til að mynda erfitt að fá húsnæði. En Jóni Bjarna, manninum mínum, bauðst líka vinna við að byggja ratsjárstöðina og fór svo í lögguna stuttu síðar. Ætli ég hafi ekki líka saknað þabba og mömmu svolítið,“ segir Ragna og brosir.

Hjónin Ragna og Jón Bjarni keyptu Einarshús árið 2004 og hófu endurbætur.

„Þá var það allt í niðurníðslu. Við hófum rekstur í kjallaranum 2005, kláruðum svo miðhæðina og komum veitingastaðnum í stand en í fyrravor bættist við gisting. Húsið er því allt í rekstri núna.“

Útrás í blogginu

Ragna er öflugur bloggari og lætur gjarnan gamminn geysa með húmorískum hætti á síðunni Vertinn.is. En síðustu mánuði hefur mátt fylgjast þar með gangi meðferðar sem Ragna nú undirgengst vegna krabbameins sem hún greindist með í nóvember síðastliðnum.

„Ég hef bloggað í mörg ár, byrjaði eftir að ég fór í áfengis meðferð fyrir 5-6 árum. Þá fann ég góðan farveg í blogginu til að koma hugsunum mínum á blað. Ég hélt úti ansi kröftugu bloggi um nokkurn tíma, síðan dalaði það. En ég byrjaði aftur af fullum krafti þegar ég greindist með

krabbameinið. Það er eins og maður finni hjá sér þörf til að skrifa þegar maður lendir í hremmingum. Ég fæ útrás í gegnum bloggið.“

Óæskilegar frumur

Veikindi Rögnu gerðu vart við sig fyrir fjórum mánuðum.

„Ég varð fyrst vör við þetta þegar ég fékk einhverja slæmsku í bakið. Það var búið segja mér að ég væri með þursabit og eitt-hvað svona. En svo gerðist það bara hér inni í svefnherbergi að ég datt niður í gólfíð og gat ekki staðið upp. Þeir þurftu að koma á sjúkrahús og fara með mig inn eftir. Á sjúkrahúsinu voru teknar úr mér blóðprufur sem sýndu að ég var með lítið blóð og hátt sökk. Það fannst Helga Sigmundssyni, lækni eitthvað undarlegt og sendi blóðið suður til rannsóknar. Þar kom í ljós að ég er með blóðsjúkdóm sem heitir mergfrumukrabbamein (multiple myeloma). Í grófum dráttum lýsir það sér þannig að óæskilegar frumur eyða frumunum í mergnum. Í mínu tilviki gerðist það að tveir hryggjarliðir voru fallnir saman. Þess vegna gat ég ekki lengur staðið í lappirnar,“ segir Ragna.

„Ég var send suður daginn eftir að þetta kom í ljós. Þar hitti ég blóðsjúkdómalækninn Guðmund Rúnarsson sem er afskaplega fær. Hann fann út að hlutfall af óæskilegu frumunum var orðið mjög hátt. Og ég var lögð undir eins inn á Landsspítalann til að hefja krabbameinsmeðferð og um leið láta laga á mér beinin, byggja þau upp.“

Línudans

Aðspurð hvað felist í meðferðinni, svarar Ragna:

„Mér eru gefin krabbameinslyf í æð ásamt steratöflum. Vegna þess hversu langt þetta var gengið má ég búast við að fara í allt að sex lyfjameðferðir. Hver lyfjameðferð varir í ellefu daga en svo er tíu daga frí á milli. Helgi læknir var búinn að segja mér að ég myndi trúlega eiga í þessu í allan vetur, enda margt sem getur farið úrskeiðis. Þeir byrjuðu á að gefa mér beinþéttingarlyf til að byggja beinin hraðar upp en þau leiddu hinsvegar til þess að ég varð kalklaus. Ég datt því aftur í gólfíð í vetur fyrir sunnan og þurfti annan sjúkrahús. Það er svolítið línudans í þessari meðferð, annarsvegar þarf að byggja upp en hinsvegar brjóta niður.

Fyrst þegar ég lagðist inn á spítalann hugsaði ég með mér hvað væri eiginlega að gerast. Ég stálslegin manneskjan allt í einu orðin sjúklingur. Á röntgenmyndum sást beinþynning í hryggnum, leggjum og lærleggjum. Sjúkdómurinn hafði því grassað í einhvern tíma. En þetta hefði líka geta verið verra. Ef það hefði verið komin einhver beineyðing að einhverju marki hefði ég þurft að fara í geislameðferð. En lyfin dugðu mér. Eftir aðeins þrjár lyfjameðferðir var fjöldi óæskilegu frumanna orðin eins og í heilbrigðri manneskju.“

„Lofað“ hármessi

Þegar Ragna er spurð um framhaldið, svarar hún:

„Það eru stofnfrumur í mergnum sem fara aldrei úr honum. Mér verða gefin lyf til að þær fari út í blóðið en síðan er stofnfrumunum safnað. Ég þarf því að fara í eina stóra lyfjagjöf til að undirbúa þennan þátt meðferðarinnar og síðan sprauta mig kvölds og morgna til að hleypa stofnfrumunum út í blóðið. Þegar þær eru orðnar hæfilega margar er græddur leggur í hálsinn á mér og ég sett í skilvindu. Öllu blóði er dælt eins og þrisvar sinnum úr mér og skilvinnan skilur frá stofnfrumunum í poka. Þeim er svo sprautað í mig seinna,“ segir Ragna.

„Tíu dögum eftir þetta fer ég aftur inn á sjúkrahús og þá tekur við svokölluð háskammtameðferð. Allar frumur líkamans eru í raun núllstilltar eða þeim er eytt, öllum krabbameinsfrumum og mergfrumum, eins eyðast allar frumur í slímhúðinni og hárfururnar. Þannig að ég kem til með að missa hárið. Allavega er búið að lofa mér því og ef það gerist ekki ætlar fólk í spítalanum bara að raka það af,“ segir Ragna og hlær.

„Þessu næst fæ ég helminginn af þessum stofnfrumum sem verður safnað. Síðan verð ég væntanlega veik heima í einhverja viku og aðra í einhverskonar einangrun á spítala. Eftir þetta á meðferðinni að vera lokið að mestu. Þá fer ég í ungbarnasprautur því ónæmiskerfið hefur í raun verið núllstillt. Þessi aðgerð er eins mergfrumuskripti nema að ég er að fá frumur úr mér frekar en að þiggja þær úr öðrum. Og í skilvindunni verður það mikið safnað af stofnfrumum að þær eiga að duga í aðra með-

ferð skjóti krabbameinið upp kollinum aftur.“

Óvenjulega ung

Ragna segir þessa tegund af krabbameini fremur sjaldgæfa.

„Það eru tíu til ellefu á ári sem greinast með þetta. Flestir eru sextugir og eldri en aldurinn er alltaf að færast neðar. Hefur farið alveg niður í þrítugt. Minn aldur telst mér til tekna og meðferðin gengur vel. Þannig að það er ekki hægt að annað en vera bjartsýn á framhaldið. Að öllu jöfnu fær fólk frið í 3-4 ár eftir meðferð en þarf þá að fara í hana aftur. Sumir fá frið í kannski 15 ár eða jafnvel sleppa við aðra meðferð. Það er allur gangur á því en maður vonar það besta. Ef þetta gengur illa á ég kost á annarri meðferð og líka það að þiggja merg úr annarri manneskju.“

- Þeir sem fá krabbamein tala stundum um að meðferðin séu miklu verri en sjúkdómurinn.

„Lyfin fara ekki illa í mig en sterarnir sem ég hef verið að taka gera mig kolvitlausa. Halda fyrir mér vöku á nóttunni og svona. Ef eitthvað er að plaga mann fær maður bara enn aðrar pillur við því og þá lagast það. Annars geta einfaldir hlutir flækst þegar maður er að taka 10 - 15 töflur á dag, þá getur allt stíflast. Maður skilur því miklu betur í dag það gamla fólk sem talar bara um hægðir og lyf,“ segir Ragna og skellihlær.

Veruleikafirrt...

Á blogginu hefur Ragna grínast með að henni hafi dottið í hug að mæta á hlébarðabuxum í rannsóknir og að sér hljóti að hafa verið gefið blóð úr Jóhönnu eða Steingrími.

„Já, það var þegar ég var orðin veruleikafirrt. En ég reyni að skemmta sjálfri mér og öðrum í gegnum bloggið. Það er fátt skemmtilegra en að skrifa eitthvað sem maður hefur gaman af. Enda ef ég skrifa ekki á hverjum degi heldur fólk að ég sé við dauðans dyr,“ Ragna og hlær. „Þá fer fólk að hringja í mig og senda fyrirspurnir um hvað sé eiginlega að. Ég reyni því að passa mig á að láta heyrast í mér reglulega.“

- Færðu mikið af heimsóknum á bloggið?

„Einn daginn fyrir stuttu þegar gekk eitthvað illa hjá mér í meðferðinni kíktu 5-600 manns á síðuna. Það er nú ekki alltaf svona mikið. Ætli þetta sé ekki nær því

ig“





að vera 1600-1700 heimsóknir á viku. Annars skiptir það engu máli. Það léttir á mér að geta komið hugsunum mínum á blað og svo virðist mér þetta gott fyrir þá sem standa mér nærri. Til dæmis fólk sem býr hér í Bolungarvík, því finnst gott að geta fylgst með hvernig mér líður.“

Ragna bætir við: „Þetta er bara eitthvað sem maður á að tala um, eins og annað. Enda er það ekki dauðadómur að fá krabbamein og ég gæti alveg lifað þig. En sumir eru auðvitað skíthræddir við krabbameinssjúklinga. Til dæmis þegar ég var í handsnyrtingu um daginn spurði stúlkan mig af hverju ég væri marin í olnbogabótinni. Ég sagðist hafa verið í blóðtöku. Þá spurði hún mig aftur hversvegna og þegar ég sagðist vera í krabbameinsmeðferð brá henni svo að hún átti erfitt með að tala við mig meira,“ segir Ragna og hlær.

– Það hlýtur samt að hafa verið áfall að veikjast þetta alvarlega? „Auðvitað, maður kann náttúr-

lega miklu betur að meta lífið og alla þá sem eru í kringum mann eftir að svona er komið upp. Það er óhjákvæmilegt. Kannski eru það forréttindi að fá svona ábendingu um að maður megi ekki gleyma að meta lífið og tilveruna. Mér brá auðvitað fyrst og dofnadi öll en ákvað hinsvegar strax að þetta væri bara verkefni sem þyrfti að vinna í að leysa. Og engin undanbrögð með það,“ svarar Ragna.

„Mestu viðbrigðin eru kannski að geta ekki lengur gert allt, þetta úthaldsleysi. Að geta ekki gert það sem ég var vön að gera. Maður ætlar sér kannski að renna yfir gólfíð en hefur ekki þrek til þess.“

Ljós við endann

Vegna meðferðarinnar hefur Ragna verið á miklu flakki milli Bolungarvíkur og höfuðborgarinnar.

„Ég hef meira og minna verið fyrir sunnan, hjá tengdó. Jón Bjarni fór í leyfi frá vinnunni og

hefur staðið við hliðina á mér í þessu. Hann meira að segja keyrir mig um allt. Þar fyrir utan er full vinna að garfa í öllum þessum tryggingum og hvaða rétt maður á til bóta. Það er ekki fyrir sjúkling að standa í því. Hann hefur því verið mín hægri hönd og fjölskyldan öll hefur verið eins og klettur. Ég á líka góða vinkonu sem tók að sér rekstur Einarshúss í vetur. Þannig að ég er í góðum höndum.“

– Hvernig er að vera komin aftur til Reykjavíkur?

„Það er vont en það venst. Það hefur verið svo leiðinlegt veður fyrir sunnan. En það er auðvitað gott að hitta systkini og vini sem búa í borginni. Hinsvegar er líka afskaplega gott að koma heim í Bolungarvík þess á milli og hlaða batteríin. Og dóttir mín er ólétt þannig að það verður ekki síður frábært í vor þegar fyrsta barnabarnið er komið í heiminn. Það er ljós við enda ganganna,“ segir Ragna Jóhanna Magnúsdóttir að lokum. – *Huldar Breiðfjörð.*

Síðasta ferðin hjá Djúppóstinum

Björn Finnbogason, landpóstur hjá Íslandspósti, fór í sína síðustu ferð inn í Ísafjarðardjúp á miðvikudag í síðustu viku eftir að hafa sinnt starfinu í tólf ár. „Ég er búin að fara inn í Djúp með pósti frá því árið 2000,“ sagði hann skömmu áður en hann lagði af stað en ferðin lagðist vel í hann.

Björn segir ástæðuna fyrir því að hann sé að hætta sú að þjónustan hafi verið boðin út í sumar og nú taki einhver annar við. Björn verður 75 ára á þessu ári en aðspurður hvort hann muni nú setjast í helgan stein segist hann ekki vera viss hvað taki nú við. „Við sjáum til bara.“

– *thelma@bb.is*

Bræðraborg op

Ráðgert er að nýtt kaffihús, Bræðraborg, opni í miðbæ Ísafjarðar 18. mars. Kaffihúsið verður rekið í samstarfi við ferðaþjónustuna Borea Adventures. „Við erum búin að standsetja aðal hæðina þar sem kaffihúsið og ferðaskrifstofan eiga að vera. Nú eru við með fólk út um allan bæ að vinna fyrir okkur. Dóra í Dórukoti er að sauma utan um setubekkina og 3X Technology er að smíða vinnsluborð inn í eldhúsið,“ segir Ásgerður Þorleifsdóttir, ein þeirra sem kemur að rekstri kaffihússins.

Það má því með sanni segja að

opnunin skapi atvinnu í bænum.

„Við erum að reyna það og höfum það að markmiði að sem flest verkefni séu unnin hér heima, þó svo að þetta séu ekki stórir molar,“ segir Ásgerður. Hún segir tilvonandi kaffihús hafa fengið mjög góð viðbrögð.

„Bæjarbúar eru duglegir að kíkja við þegar við erum að vinna í húsinu og eins að stoppa okkur úti á götu og segjast vera spenntir að geta komið og fengið sér kaffisopa eftir vinnu eða eitthvað slíkt. Eins er fólk mjög duglegt að bjóða fram aðstoð sína svo við getum ekki kvartað.“

Dress Up Games var framúrskarandi fyrirtæki á síðasta ári

Fyrirtækið Dress Up Games ehf., á Ísafirði var framúrskarandi fyrirtæki á síðasta ári samkvæmt greiningu Creditinfo. Tvö önnur fyrirtæki hafa einnig fengið viðlíka útnefningu, Vestfirskir verk-takar ehf., á Ísafirði og Þörungaverksmiðjan á Reykhólum. Dress Up Games hefur á undanförunum árum verið meðal arðbærustu fyrirtækja á Vestfjörðum en líkt og greint hefur verið frá hagnaðist fyrirtækið um 88,3 milljónir króna árið 2010. Á árunum 2008 og 2009 nam hagnaður félagsins um 213 milljónum króna og hefur félagið því hagnast um rúmar 300 milljónir króna á þremur árum.

Eigandi Dress Up Games ehf. er Inga María Guðmundsdóttir, bókasafnsfræðingur á Ísafirði. Fyrirtækið er með auglýsingasamning við stórfyrirtækið Google og fær Dress Up Games greitt fyrri hvert skipti sem einhver skoðar auglýsingu á vefsíðu Dress Upp Games, en á síðunni er að finna tengla á tölvuleiki þar sem dúkkulísur eru klæddar í fót.



Inga María Guðmundsdóttir bókasafnsfræðingur á Ísafirði er eigandi fyrirtækisins.

Vefsíðan er mjög vinsæl en hún fær milljónir innlita og er með tug milljónir flettinga í hverjum mánuði. – *asta@bb.is*



Björn Finnbogason.

onar í hjarta bæjarins



Unnið er hörðum höndum að því að standsetja húsnæðið.

Neil Shiran ráðinn framkvæmdastjóri

Neil Shiran K. Þórisson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Ákvörðun um ráðninguna var tekin í framhaldi af hluthafafundi sem haldinn var 23. janúar auk þess sem tekið var tillit til þeirrar ósamstöðu sem var fyrir hendi meðal hluthafa um að slíta félaginu. „Ljóst er að enn er ákveðin óvissa um framtíðarfyrrkomulag stoðkerfis atvinnulífs á Vestfjörðum og taldi stjórnin því best að ganga frá þessari tilhögun um framkvæmdastjórn félagsins,“ segir Ómar Már Jónsson formaður stjórnar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Settar voru áherslur á störf framkvæmdastjóra sem felast m.a. í upplýsingamiðlun og samskiptum við hagsmunadila og hluthafa félagsins um framtíðarútfærslur á starfsemi. Jafnframt kemur utanum hald um mannauð og þekkingu félagsins í verkahring framkvæmdastjóra með það að markmiði að viðhalda þessum kjarnaþáttum í starfsemi félagsins í þeim framtíðarútfærslum sem kunna að líta dagsins ljós á næstu mánuðum. Framkvæmdastjóri skal vera í samstarfi og hafa samráð við Fjórðungssamband Vestfirðinga um útfærslur mikilvægra verkefna auk útfærslna á framtíðarskipu-



Neil Shiran K. Þórisson.

lagi stoðkerfis atvinnulífs Vestfjarða. Að auki skal framkvæmdastjóri vinna að áherslum stjórnar til að gera félagið sýnilegra í umræðunni um atvinnumál með þátttöku í stærri atvinnuuppbyggingar verkefnum sem skilað geta sýnilegum efnahagslegum ávinningi fyrir svæðið. Þar með talið að vinna að umsókn um styrki í þá Evrópusjóði sem svæðinu stendur til boða að sækja um. Einnig á hann að hefja samráðsvinnu við stoðkerfi atvinnulífsins og hagsmunadila með skipulögðum hætti. Ómar Már segist vonast til þess að þessar breytingar á starfsemi félagsins leiði til góðra atvinnuuppbyggingar verkefna og framtíðarútfærslur á starfsemi félagsins verði skilvirkar.

– thelma@bb.is



Una HF 7. Mynd: Páll Önnundarson.

Nýr bátur til Flateyrar

Nýr bátur, Una HF 7, hefur bæst í flota Flateyringa. Báturinn var smíðaður hjá Trefjum ehf., í Hafnarfirði árið 1999 en hefur undanfarið verið gerður út frá Færeypjum þaðan sem hann var keyptur til Flateyrar. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem bátur þessi er gerður út frá Flateyri en það var síðast fyrir um áratug en þá hét hann Krístrún ÍS. Það er Lotna ehf., sem gerir Unu út. Um er að ræða 15 tonna bát og á honum er tveggja manna áhöfn. Una mun stunda línuveiðar.



Mugison sigursæll

Mugison var valinn lagahöfundur ársins og textahöfundur ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum er þau voru afhent í síðustu viku. Auk þess var lag hans Stingum af valið popp/rokk lag ársins. Þá var hann jafnframt valinn vinsælasti flytjandinn af notendum mbl.is. Óhætt er að segja að stjarna hins vestfirska tónlistarmanns hafi aldrei risið eins hátt og á síðasta ári er hann gaf út hljómdiskinn Haglél sem selst hefur

í tugþúsundum eintaka. Til að þakka landsmönnum fyrir stuðninginn hélt Örn Elías fjölmarga tónleika víðs vegar um land auk þrenna tónleika í Hörpu þar sem þúsundir landsmanna hlustuðu á hann án endurgjalds. Þess má einnig geta að Örn Elías var einnig kjörinn Vestfirðingur ársins 2011 en hann varð einnig sigursæll í kjörinu 2004 og er því sá fyrsti til að hampa nafnbótinni í tvígang.

– thelma@bb.is

Matthías til liðs við Fram

Ísfirski knattspyrnumaðurinn Matthías Króksnes Jóhannsson er genginn til liðs við Fram. Matthías er uppallinn hjá BÍ/Bolungarvík og hefur leikið með meistaraflökki félagsins síðan 2009.

„Stjórn BÍ/Bolungarvíkur vill þakka Matthíasi fyrir framlag sitt til félagsins og óskar honum velfarnaðar í framtíðinni,“ segir í tilkynningu á vef félagsins. Þess má geta að Matthías hefur að undanförunni verið á landsliðsæfingum með U-19 landsliðinu. Til að mynda æfði hann með 20 manna æfingahóp landsliðsins í byrjun mánaðarins.

Strætó á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur?

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur falið Elfasi Jónatanssoni bæjarstjóra að óska eftir viðræðum við Ísafjarðarbæ um hugsanlega útfærslu á almenningsamgöngum milli sveitarfélaganna. Áður hafði Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar sent Bolvíkingum bréf þar sem kannaður var áhugi á mögulegu samstarfi.

Að því er fram kemur í fundargerð bæjarráðs Bolungarvíkur er tilefni bréfa-skriftanna fyrirhugað útboð Ísafjarðarbæjar á almenningsamgöngum þar í bæ.



Fyrir tuttugu árum voru fleiri í skólum núverandi Ísafjarðarbæjar en nú er á öllum Vestfjörðum.

Grunnskólanemum hefur fækkað um 47% á 20 árum

Mikil breyting hefur orðið á nemendafjölda í grunnskólum Vestfjarða á undanförunum tuttugu árum. Samkvæmt skýrslu Fræðsluskrifstofu Vestfjarða fyrir skólaárið 1990-1991 voru 1.718 nemendur við grunnskóla á Vestfjörðum það árið. Þó voru ekki allir farnir að kenna 6 ára börnum og allmargir þurftu að senda elstu nemendur annað.

Eins og fram kom í nýbirtum tölum Hagstofunnar voru grunnskólanemar á Vestfjörðum 917 á síðasta ári. Hefur þeim því fækkað um 47% á tveimur áratugum.

Í skýrslu Fræðsluskrifstofu Vestfjarða má einnig sjá að árið 1991 voru nemendur við Grunnskólann á Ísafirði 600 talsins og í Bolungarvík voru 230 nemendur. Ef skólunum í núverandi

Ísafjarðarbæ væri bætt við þá voru alls í skólum Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur 995 nemendur, eða fleiri nemendur en nú eru á Vestfjörðum öllum. Þá er ótalinn 10. bekkur við Héraðsskólann á Núpi.

Kennurum hefur fækkað nokkuð síðastliðin áratug en í upphafi aldarinnar störfuðu 180 kennarar á Vestfjörðum samkvæmt tölum

Hagstofunnar. Í fyrra störfuðu 134 manns við kennslu í fjórðungnum og hafði fækkað um 13,5% milli ára. Þá má einnig sjá í tölum Hagstofunnar að allir þrettán grunnskólar á Vestfjörðum eru einsetnir oghafa verið það í áratug. Þá hefur grunnskólum á svæðinu fækkað um einn frá því um aldamótin.

– *thelma@bb.is*

Biðlistar eftir hjúkrunarrýmum styttest

Framboð hjúkrunarrýma á landinu stóð nánast í stað milli árána 2008 og 2010 á sama tíma og ellilífeyrisþegum fjölgaði og meðal aldur þeirra hækkaði. Engu að síður fengu fleiri aldraðir hjúkrunarrými árið 2010 en árið 2008 og biðlistar styttest. Þetta

kemur fram í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar á rekstrarumhverfi hjúkrunarheimila sem stofnunin vann að beiðni forsætisnefndar. Á Vestfjörðum eru engin hjúkrunarheimili heldur eingöngu hjúkrunarrými á heilbrigðisstofnunum. Á árinu 2008

var fjöldi hjúkrunarrýma á Vestfjörðum 58 en 60 árið 2010.

Á Vestfjörðum fjölgaði íbúum 80 ára og eldri um 8% á tímabilinu 2008 til 2010, en úthlutuðum rýmum fjölgaði einnig hlutfallslega mikið. Þá lækkaði hlutfall þeirra sem voru í þörf og enn á

biðlista úr 43% í 25%. Meðaldvalartími í hjúkrunarrými á Vestfjörðum styttist mikið eða úr 14,5 árum í 5 ár milli árána 2008 og 2010. Nærtækasta skýringin á því er að árið 2010 hafi verið komin í notkun rými sem voru ónotuð árið 2008.

Hrunið heldur áfram

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Enn tölum við Íslendingar um hrunið 2008 og skyldi engan undra. Skellurinn var harður og við áttum og eigum enn fullt í fangi með að ná tökum á því og afleiðingunum. Það er vont að þrátt fyrir ríkisstjórn vinstri manna, sem margir bundu vonir við, erum við enn á hrunbraut. Fólk flytur úr landi til að geta lifað, leitir eftir hinni marglofuðu norrænu velferð ríkisstjórnarinnar hjá öðrum norrænum ríkisstjórnunum. Ef svo margir hefðu ekki flutt úr landi væri atvinnuástand miklu verra á Íslandi en raun ber þó vitni. Og ekki er tekið tillit til þess að margir Íslendingar, sem enn eiga lögheimili á Íslandi, lifa verbúðarlífi í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Það eru lækningar, hjúkrunarfræðingar, verkfræðingar, arkitekta og margir fleiri bæði með háskólamenntun og iðnmenntun. Þetta fólk sem fer frá fjölskyldum sínum er ekki að finna í tölum Hagstofunnar um atvinnulausa eða brottflutta.

Þetta nútíma verfólk ferðast á milli, sumt mánaðarlega, sumt oft og annað sjaldnar, allt eftir því hvers konar atvinnu það stundar erlendis. Nútíminn gerir það að verkum að slíkt er kleift. Á móti kemur að fjölskyldur eru ekki saman og álag á þær er mikið. Til þessara staðreynda er ekki litið í tölfræði Hagstofunnar, sem þó væri einkar fróðlegt að gera. Ferðir á milli kosta að auki sitt í fjármunum. Fórarkostnaðurinn er bæði fjárhagslegur og andlegur, og félagslegur til viðbótar. Kosturinn er kannski sá að fjölskyldan heima á Íslandi

getur barist áfram í sínu eigin húsi eða íbúð og tekjurnar renna til banka og sjóða á Íslandi. En hver verður fórnin til lengri tíma. Ekki liggja fyrir neinar tölur þar að lútandi. Því má heldur ekki gleyma að við svipaðar aðstæður hafa sjómannsfjölskyldur búið lengi. Þessi veruleiki er mörgum nýr og spurning hvort hann er kominn til að vera. Áhrif hrunsins verða minni í þjóðhagsreikningum með þessum hætti en ef fjölskyldan flytti úr landi. Það er undir þolinmæði hennar komið hversu lengi hún treystir sér til að upplifa þennan veruleika.

Hin hliðin á þessari mynt er sú að sumir þeirra sem lifa við og af atvinnu erlendis eru bundnir áttahafjörðum hér heima vegna skulda, skólagöngu barna og jafnvel atvinnu maka síns. Þetta fólk hefur varla mikla trú á því að hruninu sé lokið og þeirra bíði glæst og lífvænleg framtíð hér á Fróni. Lá þá því hver sem vill. En mörg önnur teikn eru á lofti um að hin mikla siðvæðing sem átti að ganga í garð með nýrri ríkisstjórn sé ekki staðreynd. Áður jusu bankar út lánsfé með skelfilegum afleiðingum fyrir skuldþrælana sem aldir voru upp við að standa í skilum. Á meðan þeir sem höfðu annað hvort vit á því að taka öll lán sem buðust eða síðar að borga ekki af þeim fá eftirgjöf fá hinir skilvísu ekkert nema skattahækkningar. Hafi siðferði bæði fjármálastofnana og annarra hrunið er ekki að sjá á því neitt ris. Það er vont! Ekki er lánað.




Góð stemming á árshátíð HV

Góð stemming var á árshátíð Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða sem haldin var í félagsheimilinu í Bolungarvík á laugardagskvöld. Ríflega 150 manns mættu til hátíðarinnar sem í ár var haldin í fyrsta sinn í Bolungarvík. Vikan fyrir árshátíðina var svokölluð þemavika hjá stofnuninni sem að þessu sinni var helguð

skíðavíkunni. „Við skreyttum matsal sjúkrahússins og starfsmenn mættu á föstudag í fötum sem tengdust skíðum á einhvern hátt. Þá var salurinn í Bolungarvík skreyttur í skíðapema. Kristján Freyr Halldórsson var veislustjóri að þessu sinni. Skemmtinefndin fór á kostum líkt og venjulega og sjúkrahússkór-

inn hefur aldrei verið betri, en það var Hulda Bragadóttir sem stjórnaði kórnum,“ segir Þuríður Katrín Vilmundardóttir, sem sæti á í starfsmannafélagi Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Að borðhald loknu lék hljómsveitin Hjólabandið fyrir dansi fram á nótt. Meðfylgjandi myndir voru teknar á árshátíðinni.





Pólskur matur

Nýlega opnuðu hjónin Adam og Malgorzata Szuba verslun sem er sérhæfð í pólskum nýlenduvörum á annarri hæð Ljónsins. Blaðamaður BB spjallaði við hjónin um pólskan mat.

Nóg að gera

„Okkur vantaði eitthvað að gera og vorum að velta fyrir okkur að flytja suður þegar þessi hugmynd kviknaði, að opna pólska

búð. Flestir Pólverjarnir á svæðinu panta pólskar vörur frá Reykjavík og því fannst okkur að það hlyti að vera grundvöllur fyrir svona verslun hér á svæðinu,“ segir Malgorzata.

Adam og Malgorzata eru frá borginni Lomza sem stendur skammt frá Varsjá en fluttust til Flateyrar fyrir 14 árum og búa þar ásamt dóttur sinni Karolinu. „Systir mín hafði verið búsett á Íslandi í tvö ár þegar hún spurði

mig hvort ég hefði áhuga á að koma og vinna í fiski,“ segir Adam. „Ég sló til og byrjaði að vinna hjá Básafelli á sínum tíma,“ segir Adam.

Að sögn þeirra hjóna er stöðugt meira um að Íslendingar komi í búðina með það fyrir augum að prófa sig áfram með pólskan mat. „Þeir sækja líka mikið í kryddin sem við erum að selja,“ segir Malgorzata. „En auðvitað er kúnnahópurinn okkar Pólverjar að langstærstum hluta. Þeir kaupa hér það sem þeir fá ekki í Bónus og öfugt. Búðin hefur spurst hratt út og það hefur verið nóg að gera síðan við opnuðum.“

Kjöt

Í hillunum er mikið úrval af pakkavörum en í kælum verslunarinnar er að finna síld og unna kjötvöru merka KjötPól. „Það er annað af tveimur fyrirtækjum sem framleiðir pólskar kjötvörur hér á Íslandi,“ segir Malgorzata. „Pólverjar borða mjög mikið kjöt. Þó yfirleitt ekki á föstudögum því flestir Pólverjar eru kaþólskir. Þá fáum við okkur yfirleitt fisk. Við borðum líka mikið af síld en höfum meira af sósnum með henni en tíðkast hér á Íslandi.

Síldin er oftast maríneruð hér eða borðuð með lauk en í Póllandi er vinsælt að hafa hvítlaukkssósu með henni eða súrsæta sósu. Í Póllandi eru súpur líka mjög vinsælar og yfirleitt borðað franskbrauð með þeim.“

Bláamaður tekur pakkaðan kjötbita úr kælinum. „Þetta er beikon sem á eftir að skera niður,“ svarar Adam. „Við borðum mikið af beikoni með brauði og steiktum eggjum. Það er líka vinsælt að setja það út í súpur. Skinka, pulsar, beikon, kjöt, þetta er vinsælt í pólska eldhúsinu.“

- Hvað borðið þið á jólunum?
„Á aðfangadag er fiskur en ekki kjöt á borðum. En á jóladag er borið fram kjöt og mikið af því,“ segir Adam og brosir.

- Hvernig finnst ykkur þorramatur? „Við erum ekki mikið fyrir hann. Hangikjöt er gott en ekki súrmatur,“ svarar Malgorzata af kurteisi.

„Íslenska lambakjötið er mjög gott,“ bætir Adam við. „Ég sakna þess alltaf þegar ég fer til Póllands. Íslenska lambakjötið er svo mjúkt og gott. Pólska lambið er mun feitara og kjötið gröfara,“ bætir Adam við.

Prins og prinsessa

Í einu horni búðarinnar er að finna mikið úrval af snakki og sælgæti. Bláamaður kemur þó hvergi auga á Prins Póló og hefur orð á því. „Jú, auðvitað er til Prins Póló,“ svarar Adam og bendir blaðamanni á súkkulaðið.

„Við eigum meira að segja til nokkrar tegundir, líka grænt og blátt. Súkkulaðið er mismunandi. Og svo eigum við líka til súkkulaðikex sem heitir Prinsessa. Það er mjög vinsælt í Póllandi og til í mörgum bragðtegundum.“

Malgorzata bætir brosandri við: „Íslendingar borða örugglega meira Prins Póló en Pólverjar.“

Í næstu hillu við nammið blasir við mikið úrval af kaffi og tei.

„Pólskt kaffi er mjög sterkt,“ segir Adam. „Maður tekur matskeið af kaffi og hrærir saman við sjóðandi vatn. Þetta er mun sterkara en neska kaffi en Pólverjar eru eins og Íslendingar að því leyti að þeir drekka kaffi allan daginn. Pólverjar drekka reyndar líka mikið af tei. Við erum til dæmis að selja grænt te í tveggja lítra flöskum sem Pólverjarnir hér kaupa mikið af.“

- Hvað verður í matinn hjá ykkur í kvöld? „Það eru nú reyndar bara afgangar síðan í gær,“ svarar Malgorzata og brosir.

Dæmigerður pólskur matseðill:

Morgunverður

Spæld egg með skinku og brauði.

Hádegismatur

Svínaskankar í bjór - bakaðir í ofni 2 klst.

Borið fram með kartöflum og salati.

Kvöldmatur

Síldarsalat með kartöflum og súrum gúrkum, ásamt brauði.

Hunda- súrusúpa (fyrir 4)

1,5 l vatn
1 matskeið hveiti
1 lager teningur
2 krukkur af
Szczaw hunda-
súrum (fæst í
búðinni)
150 gr ostur
40 gr rifin piparrót
Hálfur bolli sýrður
rjómi
2 harðsoðin egg
Smjör
Sykur
Pipar
Salt

Teningur soðinn í
ca. 15 mín. osti,
hundasúrum og
piparrót bætt út í.
Rjóma og hveiti
hrært saman og
blandað út í.
Soðið í 10 mín.

Smakkað til með
salt og smjöri.

Borið fram með
soðnum eggjum.



Hrafseyrarheiði hefur verið lokuð frá 12. desember.

Vestfirðingar komast ekki í gegnum erfiðleikana án samgöngubóta

Eiríkur Finnur Greipsson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, segir það vera innantómt tal að tala um endurreisn atvinnulífs án samgöngubóta. Það segi sig sjálf að Vestfirðir muni ekki komast í gegnum núverandi erfiðleika nema samgöngur verði bættar. Á visir.is segir að eftir átak síðustu ára í vegagerð, teljist samgöngur orðnar þökkalegar milli Reykjavíkur og Ísafjarðar um Djúp. Framundan á næstu árum er að tengja byggðir á sunnanverðum Vestfirðum við hringveginn. Eftir stendur hins vegar

ótrúlegt gap innan Vestfjarða, leiðin milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar.

Þar eru Dynjandisheiði og Hrafseyrarheiði helstu farartálmur en þær hafa meira og minna verið lokaðar frá því í nóvember og alfarið frá 12. desember og ekki er á dagskrá að moka fyrir en eftir 20. mars, samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar.

Eiríkur Finnur er fjármálastjóri Dýrfisks, sem er að byggja upp fiskeldi, og líður fyrir þessa stöðu en fyrirtækið er með seiðaldri í

Tálknafirði, eldiskvíar á Dýrafirði og fiskvinnslu á Flateyri. 115 kílómetra vegalengd er milli starfsstöðva á Tálknafirði og Þingeyri en með heiðarnar lokaðar, eins og verið hefur undanfarna þrjú mánuði, hafa starfsmenn neyðst til að aka um alla Barðastrandarsýslu, um Þröskulda, Hólmavík og Steingrímsfjarðarheiði, Djúpveg og Ísafjörð, alls 519 kílómetra vegalengd, eðayfir 1000 kílómetra fram og til baka.

„Að þurfa að senda starfsmenn á annað þúsund kílómetra í akstur á milli staða, sem annars ætti ekki

að taka nema innan við tvo tíma að keyra á milli, er ómurleg staða fyrir það atvinnulíf sem verið er að reyna að byggja upp,“ sagði Eiríkur í fréttum Stöðvar 2.

Sú langtímaáætlun sem ríkisstjórnin hefur nú kynnt gerir ekki ráð fyrir að heilsárvegur komi þarna á milli næsta áratuginn. „Það er bara verið að svíkja áður útgefin loforð. Og það þarf ekkert að skýla sér á bak við að hér hafi orðið efnahagslegt hrún,“ segir Eiríkur Finnur og segir samgöngurnar ekki bjóðandi nútíma samfélagi. – *thelma@bb.is*

Sælkeri vikunnar er Alda Gná Guðmundsdóttir, Ísfirðingur í Danmörku

Grillaður fótboltaborgari með kartöflubátum og innbakaður ís

Sælkeri vikunnar býður upp á matseðil sem hann segir að klikki aldrei. Fyrst er það grillaður hamborgari með beikoni, guacamole og kartöflubátum sem er tilvalið til að snæða yfir fótboltaleik í sjónvarpinu. Í eftirírétt er svo uppskrift að innbökudum ís.

Borgarar og kartöflur Fyrir fjóra

800 g hakkað nautakjöt
3 tómatar í sneiðum
½ agúrka í sneiðum
Iceberg
Rauðlaukur sneiddur í hringi
4 sneiðar cheddarostur
8 sneiðar steikt beikon
4 hamborgarbrauð
1 kg kartöflur
Jalapenos

3 stk avokado
2–3 dl sýrður rjómi
3 rif hvítlaukur
Safi úr ½ sítrónu
Tómatsósa
Salat majónes (eins og það heitir í Danmörku) eða Miracle whip
Salt og pipar

Byrjaðu á að skola kartöflurnar og haltu helst hýðinu á. Skerðu þær í báta og hentu inn í ofn. Bakist þangað til þær eru orðnar gylltar.

Búðu svo til guacamole: Stappaðu öll þrjú avakado með gaffli og láttu í skál, bættu sýrða rjómanum við og kreistu hvítlaukinn út í með pressu, saltaðu og pipraðu eftir smekk og kreistu

ca hálfa sítrónu út í. Þetta er svo allt hrært saman.

Kryddaðu kjötið með salti og pipar og búðu til fjögur buff. Grillaðu þau á grilli og steiktu beikon á pönnu. Settu cheddarostinn á buffin þegar þau eru tilbúin. Hitaðu hamborgarbrauðin í ofninum og skerðu þau svo í tvennt. Láttu tómatsósu, salat majónes, gúrkusneiðar, tómatsneiðar, iceberg, laukhringi, buff og beikon á botnbrauðið og svo jalapenos eftir smekk. Á lokið seturðu svo góða slettlu af guacamole, svo er því skellt ofan á allt hitt. Settu þetta á disk ásamt kartöflubátum. Á diskinn setur þú líka tómatsósu, salat og majónes sem þú notar til að dýfa kartöflunum í. Klikkar



aldrei með ísköldum bjór!

Innbakaður ís

1 stk ljós kökubotn
Jarðarberjasulta
1 ltr. vanilluís
8 eggjahvítur
250 g flórskykur

Settu kökubotninn í eldfast fat og smurðu það með sultunni. Settu eggjahvíturarnar í skál og þeyttu þar til þær eru stífar, bættu

svo við flórskykri og þeyttu mjög vel. Taktu ísinn beint úr frystinum og láttu ofan á kökubotninn. Ekki kremja hann. Þektu svo allan ísinn með marengsblöndunni. Þetta er bakað í hituðum ofni í 10 mínútur við 225 gráður. Borið fram strax. Algjört lostæti!

Ég skora á Drífu Hrund Guðmundsdóttir Ísfirðing í Árbænum til að koma með næstu uppskrift.

REYKJAVÍK

ALLTAF ÓDÝRARI Á NETINU

FLUGFELAG.IS

75 | ÁR Á FLUGI



Nú er

NETTILBOÐ

**PANTAÐU Í DAG
EKKI Á MORGUN
Á FLUGFELAG.IS**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS MÆLIR MED því að horfa á litbrigðin í Hörpunni af bekkjunum á Arnarhóli áður en þú ferð út að borða eftir langan laugardag á Laugaveginum. Gættu að því að slökkva á farsímanum hvort sem þú ferð í bíó eða leikhús eftir matinn, það er svo þínlegt ef hann hringir. Mundu bara að kveikja aftur áður en þú ferð út á lífið. Sund daginn eftir? Pottþétt.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS